

Umsögn um "frumvarp til laga um orkuskatt"

Karl Ragnars, Jón Ingimarsson

Greinargerð KR-JI-80/01

UMSÖGN UM "FRUMVARP TIL LAGA UM ORKUSKATT"

Tilgangur frumvarpsins er skv. 12 gr.:

1. Til jöfnunar á orkuverði.
2. Til styrkveitinga til orkusparnandi aðgerða.
3. Til rannsókna m.a. á framleiðslu innlends eldsneytis og öðrum leiðum til að draga úr olíuinnflutningi.
4. Til uppbyggingar öryggisbirgða fyrir eldsneyti.
5. Til félagslegra framkvæmda á sviði orkumála.

Við nánari skilgreiningu verður tilgangurinn:

1. Til beinnar jöfnunar á húshitunar kostnaði (niðurgreiðsla).
 - 1.1. olíustyrkur til heimila (húsráðenda).
 - 1.2. aukaolíustyrkir til "verðlauna"
 - 1.3. niðurgreiðsla olíu til raforkuframleiðslu
 - 1.4. " " " upphitunar skóla
2. Til orkusparnandi aðgerða.
 - 2.1. fræðslu- og upplýsingastarfsemi (áróður)
 - 2.2. tæknileg ráðgjöf við húseigendur
 - 2.3. lán og/eða styrkir til einangrunar þaka/gólfa og tvöföldunar glers í gömlum húsum
 - 2.4. til starfsemi, sem stillir olíubrennara
3. Til aukinnar nýtingar innlendra orkugjafa.
 - 3.1. stofnframlög til hitaveitna
 - 3.2. styrking rafdreifikerfa
4. Til rannsókna á framleiðslu innlends eldsneytis.
 - 4.1. stjórnun og samræming
 - 4.2. eldsneytisframleiðslurannsóknir, erlend sérfr. þjónusta
 - 4.3. hagkvæmnisrannsókn á olíuhreinsun, erlend sérfr. þjónusta
 - 4.4. úttekt á mónámum Íslands
5. Til uppbyggingar birgðageymslna fyrir eldsneyti.
 - 5.1. bygging berghvelfinga
 - 5.2. olíubirgðir

Áætlaður árlegur kostnaður tilgangsins sundurliðaður á einstaka liði:

1.		
1.1.	40% niðurgreitt af olíuverði, 46000 x 22.500	4140 Mkr
1.2.	10000 íbúðir x olíustyrkur 22.500	225 "
1.3.	ágiskun þjóðhagsstofnunar	250 "
1.4.	300.000 m ³ skólahúsnaði x 162 kr/l x 4 l/m ³	195 "
		<u>4810 Mkr</u>
2.		
2.1.	2 mannaár + auglýsingar	30 Mkr
2.2.	ágiskun	100 "
2.3.	"	1000 "
2.4.	skipulagning og niðurgreiðsla starfseminnar	50 "
		<u>1180 Mkr</u>
3.		
3.1.	ágiskun	1000 Mkr
3.2.	fjármagnað úr Orkusjóði	0 "
		<u>1000 Mkr</u>
4.		
4.1.	1 mannaár, ferðalög, nefndir	20 Mkr
4.2.	erlendur kostnaður	40 "
4.3.	kostnaður	40 "
4.4.	2 mannaár, útlendur kostnaður	40 "
		<u>140 Mkr</u>
5.		
5.1.	100.000 m ³ geymsla, 20% árleg endurheimta stofnkostnaðar	210 Mkr
5.2.	fjármagnskostnaður af 80 þtn olíubirgðum, 380\$/tn, 9% vextir	1100 "
		<u>1310 Mkr</u>
		<u>SAMTALS 8440 Mkr</u>

Samkvæmt frumvarpinu er 3. gr. svohljóðandi:

3. gr.

Orkugjald skal vera tiltekin fjárhæð af hverri einingu seldrar orku, sem hér segir:

- a) Af raforku 1 kr. af hverri kwst.
- b) Af heitu vatni á hitastigsbilinu 5° - 95° C skal greiða 40 kr. af hverjum m^3 eða 10.000 kr. af hverjum mínútulítra á ári.
- c) Af heitu vatni á hitastigsbilinu 55° - 75° C skal greiða 20 kr. af hverjum m^3 eða 5.000 kr. af hverjum mínútulítra á ári.
- d) Af bensíni skal greiða 9 kr. af hverjum lítra.
- e) Af gasolíu skal greiða 7 kr. af hverjum lítra.
- f) Af svartolíu skal greiða 7.000 kr. af hverju tonni.

Tekjur af orkugjaldinu eru áætlaðar eftirfarandi:

- a) miðað við árið 1979 var raforkuframleiðslan 2915 Gwh og þar af 1340 Gwh til almenningsnota. Töþ í dreifikerfi eru 16% og mæld notkun til almenningsnota því 1150 Gwh. Þar af eru 380 Gwh til rafhitunar.

a.1.	rafmagn, almenn notkun 770 Gwh x 1 kr	770 Mkr
a.2.	rafhitun 380 " x 1 kr	<u>380 "</u>
		1150 Mkr

- b + c) Árið 1979 seldi Hitaveita Reykjavíkur $41.200 m^3$. Hún er um 80% af öllum hitaveitum. Hitaveita Reykjavíkur lendar í 40 kr skatti og reiknað er með helmingaskiptum á eftirstöðvum milli 40 kr og 20 kr skatts.

b.1.	heitt vatn, $46.350 m^3$ x 40 kr/ m^3	1850 Mkr
b.2.	" " $5.150 m^3$ x 20 kr/ m^3	<u>100 "</u>
		1950 Mkr

- d) Árið 1979 voru seldir 110 Ml af bensíni. Í fjárlagafrumvarpi 1980 er miðað við 120 Ml.

d.1.	bensín, 120 Ml x 9 kr/l	<u>1080 Mkr</u>
		1080 Mkr

e) Í áætlun um sölu á gasolíu er miðað við:

e.1. húshitun 95 Ml x 7 kr/l	660 Mkr
e.2. fiskiskip 125 Ml x 7 kr/l	875 "
e.3. bílar 30 Ml x 7 kr/l	210 "
e.4. raforkuframlag 15 Ml x 7 kr/l	105 "
e.5. iðnaður 45 Ml x 7 kr/l	<u>315 "</u>
	2165 Mkr

f) Í áætlun um sölu á svartolíu er miðað við:

f.1. fiskiskip 30 þtn x 7 þkr/tn	210 Mkr
f.2. fiskiðnaður 105 þtn x 7 þkr/tn	735 "
f.3. annar iðnaður 27 þtn x 7 þkr/tn	<u>190 "</u>
	1135 Mkr

SAMTALS 7480 Mkr

Ef skattheimta er flokkuð á tegundir notkunar í stað orkutegunda verður sundurliðunin eftirfarandi:

1. almenn notkun	770 Mkr
2. almennur iðnaður	505 "
3. fiskiðnaður	735 "
4. fiskiskip	1085 "
5. umferð	1290 "
6. raforkuframleiðsla	105 "
7. húshitun (rafmagn, vatn og olía)	<u>2990 "</u>
	7480 Mkr

Greiðsluhalli verður $7480 - 8440 = 960$ Mkr eða um 13% af skattheimtunni. Ekki er víst að öll skattheimtan sé raunhæf, þ.e. að hinar ýmsu tegundir notkunar geti staðið óstuddar undir skattinum. Er þar helst að telja:

3. fiskiðnaður	735 Mkr
4. fiskiskip	1085 "
6. raforkuframleiðsla	<u>105 "</u>

SAMTALS 1925 Mkr

Ennfremur má minna á, að nú þegar eru tvær tegundir skatta innheimtar af raforkusölu, þ.e. verðjöfnunargjald og söluskattur og kann að vera hæpið að bæta þeim þriðja við.

Það er skattur af almennri notkun

1. almenn notkun 770 Mkr

Ef þessir hæpnu skattar eru dregnir frá áætluðum heildartekjum standa eftir:

±

7480-2695= 4785 Mkr

sem koma í meginatriðum frá:

almennum iðnaði

umferð

húshitun (rafmagn, heitt vatn)

Telja má eðlilegt að tekjur af húshitun gangi til jöfnunar á hitunarkostnaði en tekjur frá umferð og almennum iðnaði hafi forgang til "framleiðslu eldneytis" og "birgðageymslu olíu".

Skipting yrði þá eftirfarandi:

1. bein jöfnun húshitunarkostnaðar
2. orkusparnandi aðgerðir
3. aukin nýting innlends orkugjafa 2990 Mkr
4. rannsóknna á framleiðslu eldsneytis
5. birgðageymsla olíu 1795 Mkr

Þar sem kostnaður og 4 og 5 er 1450 Mkr er eðlilegt að lækka skattheimtu á bensíni, olíu og svartolíu um það sem mismuninum 1975-1450= 345 Mkr nemur. Hlutfallslega reiknað yrði skattheimtan þá:

bensín 7,25 kr/l
olía 5,70 kr/l
svartolía 5.700 kr/tonn